

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/320****2017/EES/10/62****frá 3. mars 2016**

um breytingu á ákvörðun 2004/842/EB um framkvæmdarreglur aðildarríkjanna við veitingu leyfis til að setja á markað fræ af yrkjum sem sótt hefur verið um skráningu fyrir í landsskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda

(tilkynnt með númeri C(2016) 1221) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 4. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs ⁽³⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ⁽⁴⁾, einkum 2. mgr. 23. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/56/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu útsæðiskartaflna ⁽⁵⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs ⁽⁶⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/842/EB⁽⁷⁾ er mælt fyrir um reglur að því er varðar opinberan merkimiða á umbúðum fræs af yrkjum sem sótt hefur verið um skráningu fyrir í landsskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda.
- 2) Á undanförunum árum hafa komið upp nokkur tilvik sem varða sviksamlega notkun opinberra merkimiða. Af þeim sökum ætti að auka öryggi opinberra merkimiða í samræmi við þá tækniþekkingu sem er fyrir hendi til að tryggja að komið sé í veg fyrir slíkt sviksamlegt athæfi. Með hliðsjón af þessu og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að bæta skráningu og eftirlit með prentun, dreifingu og notkun rekstraraðila á einstökum opinberum merkimiðum og til að rekja framleiðslueiningar fræs ætti að auka öryggi opinberra merkimiða með því að setja raðnúmer, sem er úthlutað opinberlega, á þessa opinberu merkimiða.
- 3) Þessi ákvörðun og framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/317⁽⁸⁾ ættu að koma til framkvæmda á sama degi til að tryggja jafna meðferð að því er varðar kröfur sem gilda um alla notendur viðkomandi merkimiða. Því ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá 1. apríl 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 60, 5.3.2016, bls. 88. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 60.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

⁽⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/842/EB frá 1. desember 2004 um framkvæmdarreglur aðildarríkjanna við veitingu leyfis til að setja á markað fræ af yrkjum sem sótt hefur verið um skráningu fyrir í landsskrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegunda (Stjtið. ESB L 362, 9.12.2004, bls. 21).

⁽⁸⁾ Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/317 frá 3. mars 2016 um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB að því er varðar opinberan merkimiða á fræpakningum (Stjtið. ESB L 60 5.3.2016 bls.72).

- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2004/842/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á ákvörðun 2004/842/EB

Eftirfarandi aa-liður bætist við í 2. mgr. 9. gr. ákvörðunar 2004/842/EB:

„aa) raðnúmer sem er úthlutað opinberlega,“.

2. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

3. gr.

Dagurinn þegar ákvörðun kemur til framkvæmda

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2017.

Gjört í Brussel 3. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.
